

# AUGLÝSING

## um starfsleyfi fyrir fiskeldisstöðina Fjallalax hf. í landi Hallkelshóla í Grímsnesi.

### 1. Almenn ákvæði.

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir framleiðslu allt að 1.700.000 sjögönguseiða (40-60 gramma seiða), eða 80-100 tonna ársframleiðslu.
- 1.2 Eigi má breyta eða auka þennan atvinnurekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.
- 1.3 Stöðinni er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði stöðvarinnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Stöðinni ber að halda útliti sínu og umhverfi snyrtilegu.
- 1.4 Um umgengisreglur, sóttgreinsun og meðferð sýktra og sjálfdaðra fiska fer samkvæmt reglugerð nr. 403/1986 um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum.
- 1.5 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.6 Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós kemur hætta á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, heilbrigðis eða tilveru náttúrulegra fiskstofna eða vegna röskunar á lífríki.
- 1.7 Stöðinni er skylt að gefa Hollustuvernd ríkisins árlega skýrslu um eftirfarandi atriði sé þess óskað: framleiðslumagn, fóðurnotkun og fóðurgerð, meðalvatnsnotkun, magn og gerð hreinsiefna, sóttgreinsiefna og lyfja, sem notað var á árinu.

### 2. Varnir gegn mengun umhverfis.

- 2.1 Til að draga úr hugsanlegri smithættu sjúkdóma og vegna hættu á erfðablöndun milli náttúrulegra stofna og eldisstofna skal þannig gengið frá frárennsli að samgangur fiska í umhverfinu og fiska í stöðinni verði útilokaður og að sjálfdaður fiskur berist ekki með frárennslinu.
- 2.2 Skólp frá salernum og hreinlætisaðstöðu skal leitt í rotþró og þaðan um siturleiðslu.
- 2.3 Setja skal upp hreinsibúnað í stöðinni í samræmi við tillögur Fjallalax hf., sem Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins hafa fallist á. Frárennsli frá klak- og seiðahúsi skal dreifast um tvær til þrjár svifskiljur (miðflöttaafsskiljur) þannig að hraði frárennslisvatnsins um skiljurnar tryggi ávallt hámarksútfellingu svifagna. Sama á við um útiker.  
Útfelldum svifögnum skal reglulega dælt í settank, eða fargað jafnóðum. Grófhreinsað vatnið skal fara frá skiljunum í setþró, sem þarf að taka a.m.k. 20-30 mínútna rennsli. Vegna fjölda svifskilja sem tryggir hámarkshreinsivirkni er fallist á að 600 metra langur framræsluskurður á umráðasvæði stöðvarinnar sé nýttur til þessarar eftirhreinsunar. Hreinsivirkni skal ekki vera lakari en að 80-90% af föstum lífrænum efnum verði fjarlægð úr frárennsli. Eftir hreinsun skulu lífræn svifefni í Höskuldslæk ekki vera meiri en 4 mg/l að jafnaði.  
Hollustuvernd ríkisins er heimilt að krefjast aukinnar eftirhreinsunar ef hreinsun reynist ekki fullnægjandi.

### 3. Eftirlitgjöld og gildistaka.

- 3.1 Skv. reglugerð nr. 390/1985 skal stöðin árlega greiða eftirlitgjöld í samræmi við gjaldskrá á hverjum tíma. Eftirlitgjöld Fjallalax hf. miðast við 2. flokk gjaldskrár vegna starfsleyfisskyldra fyrirtækja nr. 355/1986.

Gjaldið skal standa undir kostnaði við reglubundið eftirlit Hollustuverndar ríkisins, þar með talinni starfsleyfisvinnslu.

Eftirlit skal vera með tvennum hætti: Beint eftirlit Mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins annars vegar og hins vegar eftirlit fyrirtækisins sjálfs, sem Hollustuvernd ríkisins fær sendar niðurstöður úr og flokkar og metur.

- 3.2 Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sbr. 3. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. ágúst 1987.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

**um skipan Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins.**

### I. Vísindaráð.

#### 1. gr.

Stjórn Vísindaráðs skal skipuð fimm mönnum. Menntamálaráðherra skipar stjórn Vísindaráðs til fjögurra ára sem hér segir: a) Formenn deildarstjórna Vísindaráðs, b) einn tilnefndan af Háskóla Íslands og c) einn án tilnefningar og skal hann vera formaður ráðsins.

#### 2. gr.

Menntamálaráðherra skipar stjórnir deilda Vísindaráðs til fjögurra ára samkvæmt því sem hér segir:

1. Stjórn náttúruvísindadeildar er skipuð sjö mönnum. Tveir skulu tilnefndir af raunvísindadeild Háskóla Íslands og einn tilnefndur af verkfræðideild Háskóla Íslands. Tveir skulu tilnefndir af rannsóknastofnunum í náttúruvísindum utan Háskóla Íslands. Tilnefning þeirra skal ákveðin á fundi sem menntamálaráðherra boðar og skal kveðja þangað fulltrúa frá þessum stofnunum:

Náttúrufræðistofnun Íslands,  
Hafrannsóknastofnun,  
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins,  
Rannsóknastofnun landbúnaðarins,  
Iðntæknistofnun Íslands,  
Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins,  
Veðurstofu Íslands,  
Orkustofnun,  
Búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri,  
Veidimálastofnun,  
Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins að Mógilsá og  
Norrænu eldfjallastöðinni.

Tveir skulu tilnefndir af fundi fulltrúa atvinnuveganna og fulltrúa félaga sem fást við rannsóknir á sviði náttúruvísinda. Menntamálaráðherra boðar til fundarins og skal kveðja þangað fulltrúa frá þessum aðilum: